


VEIÐIDAGBÓK



VEIÐISTIÓRA
EMBÆTTIÐ

2001

Allt í veiðitúrinn!

Gönguskór • Göngusokkar • Fleece-
peysur • Nærfatnaður • Goretex fatnaður
Felulífatnaður • Gervigæsir • Gæsa-
flautur • Legghlífur • Vettlingar • Húfur
GPS staðsetningartæki • Áttavitar
Sjónaukar • Neyðarblys • Hagla-
byssur • Skot • Skotbelti
Rjúpnavesti • Rjúpnakippur
Sjúkrapúðar og margt fleira.

Póstsendum
samdægurs.

Njóttu útlífsins með
búnaði frá okkur.

ÚTILÍF



GLÆSIBÆ

Sími 545 1500 • www.utilif.is



Munið eftir frikortinu

EMN TVEIR OG PRIR 179056



EFNISYFIRLIT



Leiðari	2
Refir og minkar	3
Stærð minkastofnsins í Skagafirði 2000	7
Vöktun íslenska refastofnsins	11
Skipting veiðisvæða	20
Veiðiskýrsla	21
Veiðar og verslun	23
Veiðidagbók veiðimannsins	24
Veiðitölur	31
Veiðkortakerfið	33
Friðlýst svæði	34
Kort af friðuðum svæðum	36
Reglugerð	38
Happdrætti	40
Fuglamerki hvað á að gera við þau	42
Bod og bönn	44
Veiðitímabil, tafla	48

Veiðistjóraembættið gefur þennan bækling út
og er hann kostaður með auglýsingum.

Veiðistjóraembættið • Hafnarstræti 97 • 600 Akureyri
s: 462-2820 • Bréfasími: 462-2325

Heimasíða: www.veidistjori.is • Tölvupóstur: veidist@veidistjori.is

Ljósmynd á forsiðu: Jóhann Öli Hilmarsson

Prentvinnsla: Ásprent/pob • 600 Akureyri • S: 4 600 700

Ritstjóri: Bjarni Pálsson, verkefnisstjóri veiðikorta

Ábyrgðarmaður: Áki Ármann Jónsson, veiðistjóri





Frá árinu 1995 hefur veiðikorthöfum fjölgað um 50%, úr 11.000 í 16.300 árið 2000. Umfang kerfisins hefur aukist að sama skapi og á síðasta ári sáum við fram á að þurfa að bæta við mannafla til þess að geta viðhaldið sama þjónustustigi. Þess í stað var tekin sú ákvörðun að reyna að koma kerfinu inn á Netið og minnka þannig umstangið. Sótt var um eina milljón á fjárlagaliðnum „Verkefni á sviði upplýsingatækni“ og fékkst sú fjárveiting.

Fyrirvarinn var stuttur en við ákváðum að setja allt á fullt til þess að koma skilavefnum í gagnið fyrir áramótin. Það tókst með slíkum ágætum að nú þegar þetta er skrifað þá hafa um 4000 veiðimenn af 7000 skilað rafrænt eða 60% sem er framar okkar björtustu vonum. Einnig hefur þeim fjölgað sem vilja fá veiðiskýrsluna senda rafrænt til

sín því nú höfum við um 6.000 netföng en höfðum 3.700 áður. Þessi skilaaðferð minnkar því kostnaðinn við kerfið og minnkar álagið á embættið. Næsta skref er auðvitað að veiðimenn geti fengið veiðikortin rafrænt á Netinu og prentað þau út á sinn eiginn prentara.

Við viljum þakka þær heillaóskir sem við höfum fengið í tengslum við vefinn því það er mikilvægt fyrir okkur að fá viðbrögð, hvort sem um er að ræða ábendingar eða hrós.

Við viljum því líka gjalda líku líkt og þakka veiðimönnum fyrir að nýta sér þessa nýjung því skilavefurinn minnkar álag á starfsfólk, minnkar kostnað við kerfið og er umfram allt umhverfisvænn skilamáti. Í lokin viljum við hvetja menn til þess að gefa okkur upp tölvupóst svo við getum sent skýrsluna rafrænt til þeirra næst.



ÁKI ÁRMANN JÓNSSON VEIÐISTJÓRI

VEIÐISTJÓRAEMBÆTTIÐ


Mjög góð skil voru á skýrslum frá sveitarfélögum vegna refa- og minkaveiða á árinu 2000. Skil á skýrslum hafa batnað síðustu árin með fækkun og stækkun sveitarfélaga. Hér að neðan eru kostnaðartölur fyrir árið 2000 og til samanburðar kostnaðurinn 1999 og 1998.

Refaveiðin í ár var svipuð og árið áður. Þó var lítilsháttar fækkun á veiddum refum og nú eru tekin á lofti um að stofninn sé kominn í topp á þessu fjölgunarskeiði. Ástæður fjölgunar eru ekki allsendis kunnar en þó má benda á stækkandi stofn af fýl og heiðagæs. Fýlastofninn hef-

Tafla 1: Árið 2000 – tölur frá 1999 og 1998 eru innan sviga:

	Refir			Minkar		
	2000	1999	1998	2000	1999	1998
Veidd dýr	4.467	(4.573)	(3.774)	6.573	(6.233)	(6.539)
Vinnustundir	16.875	(17.018)	(15.085)	14.746	(13.540)	(14.189)
Eknir km.	54.426	(46.778)	(44.555)	83.908	(67.926)	(68.785)
Kostn. millj. króna	47	(46)	(37)	30	(25)	(25)
Kostn. pr. veitt dýr	10.522	(10.037)	(9.777)	4.564	(4.011)	(3.839)
Vinnustundir pr. veitt dýr	3,8	(3,7)	(4,0)	2,2	(2,2)	(2,2)
Eknir km. pr. veitt dýr	12,2	(10,2)	(11,8)	12,8	(10,9)	(10,5)

Refaveiði 1957-2000



ur stækkað mikið á þessari öld og er refurinn farinn að nýta sér hann mjög mikið sem fæðu. Heiðagæsinni hefur fjölgað gríðarlega og trúlega hefur það bætt lífsskilyrði refsins inn til landsins. Áhugasömum er bent á grein dr. Páls Hersteinssonar í veiðidagbókinni þar sem hann fer yfir

verkefnið „Vöktun refastofnsins“ sem veiðikortasjóður hefur kostað frá árinu 1995. Í töflu 2. má sjá skiptingu veiðinnar í grendýr, hlaupadýr og yrðlinga.

Minkaveiðin er svipuð á milli ára en þó er ljóst að minkastofninn í landinu


Tafla 2:

	Hlauparefir	Grendýr	Yrðlingar	Samtals
2000	1.898	757	1.812	4.467
1999	2.073	731	1.769	4.573
1998	1.476	629	1.669	3.774

er ekki á neinni niðurleið. Brynt er orðið að meta veiðialag á stofninn ásamt því að leita nýrra leiða til þess að ná tökum á þessu vandamáli. Fjárveiting sem embættið fékk á seinasta ári til næstu fimm ára verður áfram notuð í því skyni. Í febrúar kemur út skýrsla um minkaveiðar á Íslandi árið 1999 sem Brynjólfur Brynjólfsson, starfsmaður embættisins, vann á seinasta ári. Svörun í þeirri könnun var mjög góð og fengust upplýsingar um veiðiaðferðir á 50% af veiddum minkum á Íslandi árið 1999.

Í Danmörku hefur sú veiðiaðferð að úða minkalæðuhlandi inn í minkagildir gefið góða raun. Svo virðist sem að læður láti frekar plata sig með slíku agni heldur en einhverju lostæti. Líklegasta skýringin er sú að læðan afmarkar og ver sitt ódal af meiri hörku heldur en steggirnir og þolir illa lykt af öðrum læðum á þessum tíma. Þessa dagana er embættið að þróa aðferð til þess að setja minkalæðuhland yfir á úðabrúsa og vonir standa til að þessi nýja veiðiaðferð verði tilbúinn til prófunar í byrjun apríl.

Minkaveiði 1957-2000



BÚÐU ÞIG RÉTT

KARRIMOR



GABEL



GÖNGUSTAFIR



VÉLSLEÐASTÍGVEL
Crispi



HITABRÚSAR



KÖNNUR



BAKPOKAR

Göngustafir
Bakpokar
Gönguskór
Fatnaður
Svefnpokar
og allt annað sem
þarf til útivistar

66°N

SEXTIU OG SEX NORÐUR

VERSLUNIN

GLERÁRGÖTU 32 • 600 AKUREYRI • Sími 461-3017

STÆRÐ MINKASTOFNSINS Í SKAGAFIRÐI 2000



RÓBERT A. STEFÁNSSON^{1,2}, ÁKI Á. JÓNSSON¹ OG PÁLL HERSTEINSSON³

1. VEIÐISTJÓRAEMBÆTTIÐ, 2. NÁTTÚRUSTOFA VESTURLANDS, 3. LÍFFRÆÐI-
STOFNUN HÁSKÓLANS

Athugun á hagkvæmni þeirrar aðferðar að meta fjölda minka á stóru svæði út frá merkingum og endurheimtum

Minkaveiðar undanfarna áratugi hafa ekki skilað þeim árangri sem vonast var eftir. Þær hafa vissulega haft ákveðið verndargildi við mikilvæg fuglavörp en engin merki eru um að veiðarnar hafi haft áhrif á heildarstærð minkastofnsins á Íslandi.

Með því að þekkja raunverulega stærð minkastofnsins og þar með veiðiálagið á hverju svæði, mætti í fyrsta skipti taka ákvarðanir í sambandi við stjórnun minkaveiða, sem líklegar væru til að skila árangri í samræmi við það fjármagn sem veitt er til veiðanna. Með þetta að leiðarljósi hófu Veiðistjóraembættið og Háskóli Íslands rannsóknir á villtum minkum í Skagafirði. Tilgangur þeirra

var að kanna hvort hagkvæmt gæti reynst að meta fjölda minka á stóru svæði með veiðum, merkingum og endurheimtum. Um leið fengjust upplýsingar um veiðiálagið á stofninum, ferðir minkanna frá merkingarstað þangað sem þeir veiðast og jafnvel aldursháða dánartíðni. Allt eru þetta mikilvægar upplýsingar þegar kemur að stjórnun veiða.

Þáverandi starfsmaður Veiðistjóraembættisins, Róbert A. Stefánsson, veiddi minka í Skagafirði í lífgildrum sumar og haust árið 2000. Þeir voru merktir með örmerki undir húð til að greina mætti einstaklinga og með frostmerki á læri afturfótar, til að veiðimenn gætu séð að um merkt dýr væri að ræða.

Reynslan af þessari aðferð hing- að til er í samræmi við þær vænting- ar sem gerðar voru. Að jafnaði var veitt með 36 gildrum í einu, samtals í 23 sólarhringa. Þetta var gert í þremur lotum frá júlí og fram í byrj- un október. Á þessum tíma veiddust 28 minkar og 7 kettir. Kynjahlutfall meðal minkanna var jafnt. Flestir þeirra, alls 22, voru á 1. aldursári en hinir eldri. Skipting veiðinnar eftir veiðilotum var sem hér segir:

Greinilegt er að veiðar í júlí skila fremur litlum árangri en veiðin (veiði miðað við veiðiátak) í ágúst og september var góð. Verði framhald á þessum rannsóknnum verður veiðiá- laginu beint á mánuðina ágúst-nóv- ember. Æskilegt væri að auka mjög veiðiátakið til að merkja fleiri minka og fá þar með nákvæmara stofn- stærðarmat. Ekki er vitað hversu marga þarf að merkja en gera má ráð fyrir að 100-150 merktir minkar

1. veiðilota, 14.-19. júlí.

Ómerktir minkar	2
Minkar alls	3
Fjöldi ómerktra minka á hverjum 100 gildrunóttum*	0,8

2. veiðilota, 22. ágúst-1.september.

Ómerktir minkar	17
Minkar alls	25
Fjöldi ómerktra minka á hverjum 100 gildrunóttum*	4,6

3. veiðilota, 27. september-2. október.

Ómerktir minkar	9
Minkar alls	16
Fjöldi ómerktra minka á hverjum 100 gildrunóttum*	4,6

*Fjöldi gildrunátta = Fjöldi gildra í notkun hvern dag x fjöldi daga

gæfu ásættanlega nákvæmar niður- stöður. Veiðarnar síðastliðið sumar og haust hafa sýnt fram á að það takmark ætti að nást. Ef veitt væri með 60 gildrum í 70 sólarhringa með sömu veiðni og í ágúst og septem- ber (4,6%), ættu að veiðast 60 x 70 x 4,6% = 193 minkar.

Endurheimtur verða með hefð- bundnum minkaveiðum og verður ekkert gert til að hafa áhrif á þær. Þegar þetta er ritað (feb. 2001) hafa engar endurheimtur orðið, sem kemur ekki á óvart þar sem lítið er veitt að hausti og fyrri hluta vetrar en búast má við endur- heimtum vor og sumar 2001.

Þessi rannsókn, sem kalla mætti forathugun, hefur leitt í ljós að svo virð- ist sem meta megji stærð minkastofns með merkingum og endurheimtum. Þar sem minkaveiðar virðast árangur- slitlar er orðið brýnt að reyna nýjar leið- ir. Hins vegar er nauðsynlegt að vita meira áður en hafist er handa við þær og eitt mikilvægasta skrefið í þá átt er að meta stærð minkastofnsins, sem gæfi mikilvægan grunn fyrir ákvarð- anatökur í framtíðinni.

Landeigendur og veiðimenn á svæðinu fá kærar þakkar fyrir gott samstarf.

Rannsóknin var kostuð af Veiðistjóraembættinu.

Allt til skotveiða

DELUXE WOODEN PRESENTATION KIT

SJÓBÚÐIN ehf.
LAUFÁSGATA 1 - 600 AKUREYRI - Sími 462 6120

Remington Beretta EXPRESS Benelli SÁKO

ÍSLENSKIR FUGLAR

STÓRVIRKI FYRIR NÁTTÚRUNNENDUR



ÍSLENSKIR
FUGLAR
EVAR PETERSEN



Einstakt safn vatnslitamynda korta og skýringar teikninga.

Nákvæmar lýsingar og myndir af 108 tegundum villtra íslenskra fugla.

Alfræðibókin **Íslenskir fuglar** eftir dr. Evar Petersen er stórvirki í íslenskri bókaútgáfu.

Þetta er fyrsta yfirlitsritið um íslenska fugla eftir visindamann á sviði fuglafræði og aldrei áður hefur birst jafnheilðstætt safn malaðra mynda af fuglum í náttúru Íslands.

Vatnslitamyndirnar eru eftir Jón Baldur Hliðberg. Bókin opnar lesendum heillandi heim íslenskra fugla með aðgengilegum og yfirgrípsmiklum upplýsingum sem settar eru fram á nútímalegan og myndrænan hátt.

Unnið hefur verið að ritinu í áratug og er bókin **Íslenskir fuglar** langviðamesta útgáfuverkefni Vöku-Helgafells frá upphafi.

Tryggðu þér stórvirkið Íslenska fugla á serstöku kynningarverði.



VAKA-HELGAPELL

SÍÐUMÚLA 6. 108 REYKJAVÍK,
SÍMI 550 3000

Lifandi útgáfa allt árið

VÖKTUN ÍSLENSKA REFASTOFNSINS



PÁLL HERSTEINSSON LÍFFRÆDISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS


Inngangur

Allt frá stofnun embættis veiðistjóra árið 1958 hafa ríki og sveitarfélög varið nokkrum tugum milljóna króna að núvirði árlega til veiða á refum. Samkvæmt lögum nr. 52/1957, sem giltu allt til ársins 1994, var yfirlýstur tilgangur veiðanna að eyða eða útrýma refum í landinu þótt markmiðið með eyðingunni væri ekki nánar skilgreint. Þegar lög nr. 64/1994 tóku gildi, breyttist tilgangur veiðanna þannig að nú er hann sá að halda tjóni af völdum refa í lágmarki. Jafnframt nýtur tófan nú verndar samkvæmt lögnum sem tákna í raun að ríkisvaldið er skuldbundið til að tryggja að íslenska refastofninum sé ekki stefnt í hættu. Forsenda þess er að þekking liggi fyrir á stærð stofnsins, vanhöldum og viðkomu. Sú þekking er einnig mikilvæg þegar meta skal hver áhrif veiðanna eru á

stofninn þar sem veiðarnar eru m.a. stundaðar til að halda stærð hans undir þeim mörkum sem hann væri ef engar eða litlar veiðar færu fram.

Sá sem þetta ritar hefur stundað vöktun refastofnsins um nokkurt skeið. Upphaf þess má rekja til öflunar upplýsinga um aldurssamsetningu veiddra dýra í tengslum við rannsóknir á íslenska refastofninum fyrir rúmum tveim áratugum. Þekking á aldursdreifingu veiddra refa á löngu tímabili, ásamt góðum upplýsingum um refaveiðina, getur gefið upplýsingar um lágmarksstærð stofnsins, að því gefnu að vanhöld fullorðinna refa af öðrum völdum en veiðum séu þekkt eða ekki mikil. Þessi aðferð við stofnstærðarmat kallast í daglegu tali aldurs-afla aðferð og verður ekki skýrð nánar hér.

Árlegar aldursgreiningar hófust árið 1979 og áttu upphaflega að



1. mynd. Fjöldi dýra sem undirritaður hefur fengið kjálka úr eða hræ af til aldursgreiningar eftir veiðiári, ásamt hlutfalli (%) krufinna dýra af heildarfjölda veiðdra refa hvert ár samkvæmt skýrslum veiðistjóra. Enn eiga eftir að berast hræ af dýrum sem veiddust árið 2000 og því er ekki reiknað út hlutfall af heildarfjölda.

standa í 2-3 ár. Þær hafa nú staðið í 22 ár. Ágætlega nákvæmar veiðitölur eru hins vegar til frá árinu 1958. Vöktun á frjósemi hófst strax og aðstaða fékkst til krufninga á Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum árið 1986 og síðan við Líf- fræðistofnun Háskólans áratug síðar. Vöktun fleiri þátta, svo sem þykktar bakfitu, hófst um leið og ljóst varð að sú mæling gaf góða mynd af næringarástandi dýranna (Prestrud 1992).

Allt frá upphafi hefur samstarf við refaveiðimenn verið með ágætum. Þeir fá enga peningalega greiðslu


fyrir hræin en flutningskostnaður hefur verið greiddur af viðtakanda. Það eina sem skyttarnar fá fyrir fyrirhöfn sína eru upplýsingar um viðkomandi dýr, þ.e. aldur, fjölda legöra í læðum (er segja til um fjölda fóstra á síðustu meðgöngu), þyngd dýrsins, þykkt bakfitu o.fl. Það hefur sem sé komið í ljós að langflestar refa- skyttur hafa afar mikinn áhuga á viðfangsefni sínu, tófunni.

Fjöldi aldursgreindra refa hefur verið á bilinu 151-554 á ári, eða 15-37% veiddra refa, samkvæmt skýrslum veiðistjóra á tímabilinu 1979-1999 (1. mynd).

Stofnstærðarmat

Niðurstöður stofnstærðarútreikninga benda til mikillar fjölgunar frá því að aldursgreiningar hófust. Í árslok 1978 er áætlað að lágmarksstærð stofnsins hafi verið um 1300 dýr en 20 árum síðar, í árslok 1998 var reiknuð lágmarksstærð u.þ.b. 6150 dýr (2. mynd), eða

næstum því 5 sinnum meiri. Tvennt er rétt að hafa í huga þegar þessar niðurstöður eru skoðaðar. Í fyrsta lagi eykst staðalskekking eftir því sem nær dregur í tíma en það stafar af því að enn hefur lágt hlutfall yngstu árganganna veiðst. Í öðru lagi virðist stofnstærðin aukast mjög hratt síðustu þrjú árin. Þessi



2. mynd. Reiknuð lágmarksstærð íslenska refastofnsins síðla hvert ár á tímabilinu 1978-1998. Lóðréttar línur sýna staðalskekkingu sem fer vaxandi eftir því sem nær dregur í tíma. Örfjöldun eftir 1995, samkvæmt útreikningunum, er líklega ýkt en það mun leiðréttast smám saman eftir því sem meira veiðist úr yngstu árgöngunum.

hraða aukning er að hluta til blekking vegna þess að hlutfall hlaupadýra í veiðinni hefur aukist, sennilega fyrst og fremst vegna breyttra reglna um greiðslur verðlauna fyrir unnin dýr. Við útreikninga leiðir þetta til þess að yngstu árgangar mælast stærri en þeir eru sennilega í raun og veru vegna þess að ung dýr eru hlutfallslega algeng meðal unninna hlaupadýra. Þessi ofreikningur á stofnstærð leiðréttist smám saman á næstu árum, þegar meira hefur veiðst úr þessum árgöngum. Þó er rétt að hafa í huga að vegna hlutfallslega minni áherslu á grenjavinnslu, sem stafar að hluta til af breyttum reglum um greiðslur fyrir refaveiðar og að hluta til af því að grenjavinnsla hefur lagst af sums staðar, komast fleiri yrðlingar á legg og mælast því með stofnstærðinni að haustlagi en nýliðun miðast við fjögurra mánaða aldur.

Sú spurning vaknar hve lengi fjölgunin muni halda áfram. Þegar dýrastofn nær því hámarki sem land getur borið og helst í þeirri stærð, kemst á jafnvægi milli viðkomu og vanhalda. Viðkoma refa ræðst af tvennu, annars vegar hlutfalli þeirra dýra sem nær að tímgastr og hins vegar frjósemi þeirra dýra sem tímgastr. Vanhöldum má einnig

skipta í tvennt, annars vegar vanhöld vegna refaveiða og hins vegar náttúruleg vanhöld. Náttúrulegum vanhöldum má skipta enn frekar, t.d. í vanhöld vegna smitsjúkdóma, hungurs, slysa og bardaga milli refa.

Vanhöld refa

Litum nánar á náttúruleg vanhöld meðal refa. Um þessar mundir eru fáir smitsjúkdómar hér á landi sem geta dregið fullorðna refi til dauða. Hér er ekki hundæði og hundafár hefur ekki fundist hér um áratuga skeið. Á Íslandi er hins vegar smitandi lifrar- og heilabólga sem algeng er meðal hunda (Eggert Gunnarsson o.fl. 1993). Ekki hefur fengist staðfest að hún finnist meðal villtra refa. Þá er hér smitsjúkdómurinn refavanki (encephalitozoonosis) sem stafar af frumdyri (Ecephalitozoon cunuculi) sem finnst í refum hér á landi og smitast með ýmsum líkamsvessum, svo sem sæði, þvagi og munnvatni. Hann getur valdið fósturláti hjá læðum og yrðlingadauða, þótt það virðist ekki algengt úti í náttúrunni, en ekkert bendir til þess að hann valdi sjúklikeika meðal fullorðinna dýra. Vanhöld meðal yrðlinga skipta ekki máli þegar aldursafli aðferðin er notuð til að reikna út stofnstærð að haustlagi (eftir nýliðun

við 4 mánaða aldur) og því er hægt að líta fram hjá þessum sjúkdómi við útreikning stofnstærðar.


Ekkert bendir heldur til þess að hungur sé mikilvæg dánarorsök meðal fullorðinna refa hér á landi. Þykkt bakfitu að vetrarlagi er ágætur mælikvarði á líkamsástand refa að vetrarlagi. Samanburður mælinga á bakþykkt íslenskra refa og refa á Svalbarða á tímabiliinu nóvember-mars sýnir að vel innan við 1% íslenskra refa er án mælanlegrar bakfitu, þ.e.a.s. í alvarlegu svelt, en á hinn bóginn er sjötti hver refur á Svalbarða í svo slæmu ástandi. Þetta bendir til þess að fáir refir á Íslandi drepist vegna hungurs um þessar mundir. Slys eru sennilega fátíð líka þótt sums staðar kunni staðhættir að vera þannig að þau séu algengari þar en annars staðar, t.d. í fuglabjörgum. Vitað er að stundum slær í bardaga milli refa og tíðni þess fer væntanlega vaxandi með stækkandi stofni. Hins vegar er óþekkt hve algengt er að meiðsli vegna bardaga dragi refi til dauða.

Á heildina litið er líklegt að náttúruleg vanhöld séu lítil meðal villtra refa á Íslandi og engar vísbendingar eru um að þau hafi aukist marktækt með stækkandi stofni.

Viðkoma refa

En hvað þá með viðkomuna? Þegar hún er athuguð getur verið heppilegt að skipta landinu í tvo hluta, vestanvert og austanvert landið. Með „vestanverðu“ landinu á ég við þrjú fyrrum kjördæmi, þ.e. Reykjanes, Vesturland og Vestfirði (fjögur kjördæmi ef Reykjavík er meðtalin). Með „austanverðu“ landinu á ég hins vegar við alla aðra landshluta, þ.e. frá Húnavatnssýslum og Árnessýslu í vestri og austur um. Tvær ástæður eru fyrir því að skipta landinu svona upp. Í fyrsta lagi hófst fjölgun refa tæpum áratug fyrir á vestanverðu landinu (um miðjan 8. áratug 20. aldar) en á austanverðu landinu (um miðjan 9. áratuginn). Í öðru lagi eru staðhættir með nokkru öðru móti á vestanverðu landinu, þar sem stór hluti refastofnsins þar hefur aðgang að sjó árið um kring og hlutfallið strandlengja:flatarmál lands er margfalt stærra en á austanverðu landinu. Auðvitað eru staðhættir mjög mismunandi innan hvors svæðis fyrir sig en vegna stærðar úrtaksins væri óheppilegt að skipta landinu frekar niður.

Í ljós kemur að hlutfall geldlæðna hefur farið mjög vaxandi á vestanverðu landinu á undanförmum árum (3. mynd). Þetta bendir eindregið til




3. mynd. Geldtíðni, þ.e. hlutfall geldra læðna í veiðinni, fór vaxandi á vestanverðu landinu á tímabilinu 1985-1999. Á sama tímabili var ekki marktækur breytileiki í gotstærð. Gotstærð er hér mæld sem meðalfjöldi legóra í læðum en legör myndast í legi læðu eftir hvert fóstur og má greina þau með berum augum fram að næsta fengitíma.

þéttleikaháðrar svörunar stofnsins, þ.e. að geldtíðnin hafi vaxið með aukinni stofnstærð. Á hinn bóginn hefur meðalgotstærð þeirra læðna, sem á annað borð ná að yfirstiga þann þröskuld að fá fang, ekki minnkað. Það bendir til að þau dýr, sem á annað borð ná að tryggja sér óðal og maka, hafi enn nóg að éta.


Á austanverðu landinu er allt annað uppi á teningnum (4. mynd). Þar hefur hvorki geldtíðni né meðalgotstærð breyst með aukinni stofn-

stærð. Þetta bendir til þess að þar sé ekki enn farið að bera á þéttleikaháðri svörun. Þar sveiflast hins vegar bæði geldtíðni og meðalgotstærð nokkuð milli ára og marktækt, neikvætt samband er milli geldtíðni og meðalgotstærðar (5. mynd). Það bendir til þess að enn sem komið er, séu það fyrst og fremst náttúruöflin sem hafi áhrif á frjósemi.

Á Svalbarða er refaveiði ekki nægileg til að hafa sambærileg áhrif á refastofninn og hér á landi. Þar er



4. mynd. Marktækur breytileiki var milli ára í geldtíðni og gotstærð á austanverðu landinu á tímabilinu 1986-1999. Hins vegar sýnir hvorugt marktæka fylgni við stofnstærð.



5. mynd. Á tímabilinu 1986-1999 var marktæk, neikvæð fylgni milli geldtíðni og gotstærðar meðal læðna á austanverðu landinu. Það bendir til þess að hvoru tveggja ráðist af sömu þáttum. Þar sem engin fylgni er við stofnstærð hljóta einhverjir umhverfisþættir að koma við sögu, væntanlega að vetrarlagi fyrir eða um fengitíma.

Aldur (ár)	Vestanvert Ísland	Austanvert Ísland	Svalbarði
1	47,4% (97)	14,3% (70)	90,9% (56)
2	10,2% (59)	6,7% (45)	55,6% (44)
3	3,6% (28)	0,0% (14)	31,8% (22)
4-7	5,9% (17)	0,0% (10)	7,6% (53)
8-11	20,0% (5)	0,0% (1)	16,6% (12)

1. tafla. Geldtíðni læðna á Íslandi árin 1996-1999 og Svalbarða á 9. áratugi 20. aldar (Prestrud 1992). Úrtaki á Íslandi er skipt eftir landshlutum. Sjá má að aukin geldtíðni á vestanverðu Íslandi stafar fyrst og fremst af aukinni geldtíðni ársгам-alla læðna. Þrátt fyrir háa tíðni þar er hún mun lægri en á Svalbarða, sérstaklega meðal eldri aldurshópa. Stærð úrtaks er gefið innan sviga.

Það fyrst og fremst hærrí geldtíðni og náttúruleg vanhöld á fyrsta vetri sem takmarka refastofninn (Prestrud 1992). Munurinn sést glöggst þegar við berum saman geldtíðni refa á Svalbarða og refa á vestanverðu og austanverðu landinu eftir aldrí dýranna (1. tafla).

Lokaorð

Í ljósi þess, hve vanhöld af völdum refaveiða eru mikil hérlendis, er ekki við því að búast að geldtíðni læðna á Íslandi verði jafnhá og á Svalbarða áður en fjölgun linnir. Aðrir þættir geta einnig komið til sögunnar. Þar má nefna að með aukinni stofn- stærð og þar af leiðandi aukinni tíðni þess að refir komist í snertingu

við aðra refi, eykst væntanlega smittíðni sjúkdóma. Þar hef ég fyrst og fremst í huga refavankann, sem gæti valdið auknum fósturlátum og vanhöldum meðal yrðlinga. Dragist fæðuframboð saman frá því sem nú er gæti frjósemi þeirra læðna, sem ná að fá fang, einnig lækkað. Við þær aðstæður má búast við að vanhöld að vetrarlagi aukist líka, sérstaklega meðal dýra á fyrsta vetri. Gerist það, er hugsanlegt að refum taki að fækka þótt veiðialag aukist ekki frá því sem nú er.

Allan þann tíma sem vöktun refastofnsins hefur staðið, hefur stofninn farið stækkandi og líklegt er að hann haldi áfram að stækka enn um skeið, sérstaklega á austan-

verðu landinu. Í mínum huga leikur enginn vafi á mikilvægi þessarar vöktunar. Taki stofninn að minnka á ný, verður vöktunin ekki síður mikilvæg. Rétt er að hafa í huga að vöktunin þarf að vera samfelld til þess að hún komi að fullu gagni. Væri henni hætt nú og beðið átekta þar til ljóst væri að stofninn færi minnkandi, liðu allmörg ár frá því að vöktun hæfist á ný, þar til aftur fengist þökkalegt mat á stofnstærð.

Þeir sem áhuga hafa á að taka þátt í þessari vöktun með því að senda hræ til krufningar, gegn upp- lýsingu um aldur viðkomandi dýrs

o.fl., eru beðnir um að hafa sam- band við höfund í síma 525-4608.

Tilvitnanir

Eggert Gunnarsson, Páll Hersteinsson og Stefán Aðalsteinson (1993): Rannsóknir á sjúkdómum í íslenska melrakkanum. Í: Páll Hersteinsson og Guttormur Sigbjarnarson (ritstj.): *Villt íslensk spændýr. Hið íslenska náttúrufræðifélag og Landvernd, Reykjavík, bls. 49-58.*

Prestrud P. (1992): *Arctic foxes in Svalbard: Population ecology and rabies.* Dr. Philos ritgerð, Norsk Polar Institutt, Oslo.


Syningfella minkagildirur



- Hættulausar hundum og köttum
- Einnig refagildirur og músagildirur.
- Lyktarefni fyrir mink og ref.

Veiðitæki Húsavík – Sími: 464 1983

Skipting landsins í sex veiðisvæði



- Svartbakur
- Sílamáfur
- Silfur máfur
- Hrafn
- Grágæs
- Heiðagæs
- Fýll
- Dílaskarfur
- Toppskarfur
- Blesgæs
- Helsingi
- Stökkönd
- Urtönd
- Rauðhöfðaönd
- Duggönd
- Skúfönd
- Hávella
- Toppönd
- Hvít máfur
- Hettumáfur
- Ríta
- Álka
- Langvía
- Stuttnefja
- Teista
- Lundi
- Rjúpa
- Kjóí
- Refur
- Minkur
- Hreindýr

	VE	VF	NV	NE	AU	SU	SAMT:
Svartbakur							
Sílamáfur							
Silfur máfur							
Hrafn							
Grágæs							
Heiðagæs							
Fýll							
Dílaskarfur							
Toppskarfur							
Blesgæs							
Helsingi							
Stökkönd							
Urtönd							
Rauðhöfðaönd							
Duggönd							
Skúfönd							
Hávella							
Toppönd							
Hvít máfur							
Hettumáfur							
Ríta							
Álka							
Langvía							
Stuttnefja							
Teista							
Lundi							
Rjúpa							
Kjóí							
Refur							
Minkur							
Hreindýr							

Hreinn veiðipjarkur



Afkomandi ótal kynslóða



Remington 11-87 Premier, formfögur og skotvís

Remington®

Umboð á Íslandi:

Veidiland

Bíldshöfða 18 • 110 Reykjavík
Sími: 588-5830 • Fax: 588-5835

VEIÐAR OG VERSLUN



Sigmar B. Hauksson formaður Skotveiðifélags Íslands

Þegar lítið veiðist einhverra ástæðna vegna, í því sambandi mætti nefna veðurfar eða niðursveifu í þeim stofni sem veitt er úr, vaknar spurningin um hvort takmarka eigi veiðarnar. Meðal þeirra hugmynda sem rætt er um er að stytta veiðitímann, friða stór svæði og janfvel friða þá stofna sem taldir eru vera í hættu vegna ofveiði um nokkurn tíma. Á síðustu misserum hefur þó ný tillaga skotið upp kollinum og það er hvort banna eigi sölu á villibráð. Fylgjendur þessarar hugmyndar telja að atvinnuveiðar eigi ekki neinn rétt á sér þegar allir hafa nóg að bíta og brenna. Á hitt ber að líta að löng hefð er fyrir atvinnuveiðum á rjúpu og margir landeigendur telja að veiðar á villtum dýrum sé eðlileg og sjálfsögð nýting jarða þeirra. Þá eru það margir sem geta ekki eða vilja ekki stunda dýraveiðar en vilja gjarnan hafa villibráð á borðum. Það er þó rétt að það komi fram hér að jardeigendur eiga ekki fugla himinsins þó svo þeir hafi um stund viðvöl á jörðum þeirra. Vitaskuld eru það gild rök að hægt sé að bjóða ljúffenga íslenska villibráð í verslunum og á veitingahúsum. En hugmyndin um bann við sölu á villibráð byggir á tvennum rökum. Í fyrsta lagi til þess að vernda þá dýrastofna sem taldir

